

8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 21. jan. 1918.

Nr. 88/1917.

Einar Finnbogason  
gegn  
Sveini M. Jónssyni.

D ó m u r :

Hinn 12. jan. 1917 keypti áfrýjandi, Einar Finnbogason verkstjóri í Reykjavík, húseignina 8 og 8 a við Mjóstræti hér í bænum. Húseign þessi var þá leigð Ingveldi Gestsdóttur til 1. okt. f. á., en hún hafði aftur leigt stefnda, Sveini M. Jónssyni skipstjóra, íbúð í húsinu, 3 herbergi og eldhús, frá 14. maí til 1. okt. Hinn 1. okt. flutti Ingveldur Gestsdóttir úr húsinu, en með því að stefndi hafði eigi getað útvegað sér húsnæði, en áfrýjandi hins vegar krafðist þess, að stefndi flytti burtu, leitaði stefndi hinn 19. sept. f. á. til húsaleigunefndar Reykjavíkur og krafðist þess, að fá að halda húsnæði sínu svo framarlega sem nefndin álitir það ekki brýna þörf fyrir Einar að nota það alt.

Nefndin skoðaði því næst húsið, og að því búnu kvað hún 2. okt. síðastl. upp þann úrskurð, að með því að henni virtist húseiganda eigi brýn þörf nema á íbúðinni allri á neðsta lofti og herbergi í norður-enda á 2. lofti, beri Sveini M. Jónssyni réttur til afnota þeirra herbergja annara, sem á efsta lofti húss-

ins eru ásamt geymslu. Með því að áfrýjandi þóttist eigi geta komist af með húsnæði það, er honum var ákveðið með úrskurði nefndarinnar og af því að hann taldi úrskurðinn ekki á rökum byggðan, krafðist hann aðstoðar fógetans til þess að fá stefnda borinn út úr húsinu, en með úrskurði uppkveðnum í fógetarétti Reykjavíkur 15. okt. f. á. úrskurðaði fógetinn, að hin umbeðna útburðargerð ætti ekki fram að fara.

Úrskurði þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 20. okt. f. á. og krefst þess, að fógetaúrskurðurinn verði úr gildi feldur og fógetinn skyldaður til að bera stefnda út úr húsinu, og að hann verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins bæði fyrir fógetarétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi krefst þess hins vegar, að fógetaréttarúrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi rökstyður kröfu sína um, að stefndi verði borinn út úr íbúð hans í húsinu nr. 8 og 8a við Mjóstræti með því, að hann hafi enga heimild haft til íbúðar þar eftir 1. okt., og að hann (áfrýjandi) þurfi á húsinu öllu að halda til íbúðar fyrir sjálfan sig. og hann heldur því fram, að það liggja alveg fyrir utan verksvið húsaleigunefndar að ákveða, hvað mörg herbergi hann megi taka til notkunar í húsi, sem hann hafi keypt eingöngu í þeim tilgangi, að standa ekki uppi húsnæðislaus fyrir sig og fólk sitt.

Stefndi viðurkennir, að sér hafi ekki verið leigt

húsnæðið lengur en til 1. okt. f. á., en hann telur sér ekki skylt að flytja burt úr húsinu, með því að hann hafi ekki getað fengið annað húsnæði, og húsaleigunefndin hafi komist að þeirri niðurstöðu, að áfrýjanda sé ekki brýn þörf á öllu húsinu til íbúðar.

Samkvæmt 2. gr. í lögum nr. 24, 12. sept. 1917 um húsaleigu í Reykjavík, sem gengu í gildi sama dag, má ekki segja leigutaka íbúðar upp húsnæði hans nema eiganda sé þess brýn þörf til eigin íbúðar, og í 2. málsgrein sömu greinar er ákveðið, að uppsagnir á húsnæði, sem hafa farið fram, skuli ógildar nema húseigandi sanni fyrir húsaleigunefnd, að hann þurfi á húsnæðinu að halda fyrir sjálfan sig. Þar sem lög þessi eru sett í þeim tilgangi, að afstýra vandræðum út af húsnæðisleysi í Reykjavík, verður að lita svo á, að þau eða 2. gr. þeirra eigi ekki að eins við, þá er uppsögn húsnæðis fer fram eftir að leigutími er byrjaður, heldur einnig þá er hús upphaflega hefir verið leigt til ákveðins tíma, eins og hér stóð á, og þar sem nú áfrýjanda hefir ekki tekist að sanna fyrir húsaleigunefnd, að hann hafi brýna þörf húsnæðis þess, er stefndi býr í, til íbúðar fyrir sjálfan sig, verður að telja það rétt. að fógetinn neitaði að bera stefnda út úr leiguíbúð hans, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og verður áfrýjandi að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða fógetaúrskurði skal óraskað.

Áfrýjandinn, Einar Finnbogason, greiði stefnda, Sveini M. Jónssyni, 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, og greiðist upphæð þessi áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 28. janúar 1918.

Nr. 96/1917.

Réttvísinn

gegn

Jóni Gunnarssyni.

#### D ó m u r :

Með aukaréttardómi Suður-Múlasýslu uppkveðnum 24. apríl f. á. var hinn ákærði, Jón Gunnarsson kaupmaður frá Holti í Mjóafirði, dæmdur fyrir brot gegn 263. gr., sbr. 262. gr. og 264. gr. 2. lið, hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta einföldu fangelsi í einn mánuð og til að greiða allan sakarkostnað, þar með talinn varðhaldskostnað, en dómi þessum hefir eftir ósk hins ákærða verið skotið til yfirdómsins.

Árið 1912 stóð ákærði fyrir kaupfélagi í Mjóafirði, en árið eftir, hinn 7. maí 1913, leysti hann borgarabréf og fór að verzla fyrir eigin reikning, en lítið virðist hafa kveðið að verzlun hans það ár, en árið 1914 fekk hann vörur frá ýmsum, þar á meðal frá stórkaupmanni Jakobi Gunnlögssyni í Kaupmanna-